

**Nd.**

## **398. Frumvarp til laga**

um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa; leggja háspennutaugar til Akureyrar og þeirra staða annara, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Laxá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

### **2. gr.**

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

### **3. gr.**

Þegar bæjarstjórn Akureyrar hefir reist raforkustöð við „Laxá úr Mývatni“ og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

### **4. gr.**

Raforkustöðin við Laxá selur rafmagn til Akureyrar. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, er raforkustöðinni skylt að láta í té við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunum frá Laxá til Akureyrar, til almenningsnota í nærliggjandi héruðum, við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna á Akureyri, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

### **5. gr.**

Nú óska nærliggjandi héruð að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er bæjarstjórn Akureyrar þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina svo sem henta þykir. Skal aukningin framkvæmd jafnskjótt og fé er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.